Ágúst 2025

Hvatarblaðið

Fundargerðir

Sveitarstjórn
596. fundur

Sveitarstjórn
597. fundur

KERHÓLSSKÓLI

gleði - jákvæðni - virðing

Leikskóladeild Kerhólsskóla
Opnar eftir sumarfrí 11. ágúst kl.10:00

Sumarfrístund
Hefst 18. ágúst kl. 08:00

Skólasetning
Grunnskóladeildar verður föstudaginn 22. ágúst
kl. 10:00 í Félagsheimilinu Borg

Skóli hefst
Samkvæmt stundaskrá mánudaginn 25. ágúst

Skráning í frístund
Fyrir börn í 1.-4. bekk fer fram á
skólasetningardegi hjá umsjónarkennara

Vakin er athygli á því að 15. ágúst er starfsdagur
hjá öllu starfsfólki Kerhólsskóla og því er ekki
leikskóli á þeim degi

Sigrún Hreiðarsdóttir skólastjóri

KERHÓLSSKÓLI

gleði - jákvæðni - virðing

180 ÁRA AFMÆLI BÚRFELLSKIRKJU

180 ára afmæli Búrfellskirkju fagnað í blíðskaparveðri

Sunnudaginn 10. ágúst var haldið upp á 180 ára afmæli Búrfellskirkju með hátíðarguðsþjónustu. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur þjónaði og prédikaði, Matthías Harðarson dómorganisti leiddi safnaðarsöng. Sturla Jónsson var hringjari og Sigurður Böðvarsson meðhjálpari. Ritningarlestra fluttu Elísa Schram og Anna Ýr, Laufey Böðvarsdóttir sagði í stuttu máli frá sögu kirkjunnar.

Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps, Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, tók einnig til máls og færði kirkjunni veglega gjöf fyrir hönd sveitarstjórnar, garðbekk úr graníti, unninn af Steinsmiðju Akureyrar. Bekkurinn er tákn um styrk, festu og samveru, gildi sem kirkjan hefur staðið fyrir í gegnum tíðina. Með gjöfinni vill sveitastjórn styrkja kirkjuna sem stað þar sem áfram verður hægt að koma saman og njóta samverunnar og umhverfisins jafnt í sorg sem og í gleði.

Að lokinni guðsþjónustu bauð Lísa Thomsen kirkjubóndi til kaffisamsætis að Búrfelli. Velunnarar Búrfellskirkju voru hvattir til að mæta og fagna þessum merka áfanga sem tókst einstaklega vel í blíðskaparveðri.

Góður gangur er á framkvæmdum í sveitarfélaginu

Stækkun íþróttamiðstöðvar á Borg

Góður gangur er á framkvæmdum við stjórnsýsluhús og stækkun íþróttamiðstöðvar á Borg. Stefnt er á opnun hússins í desember en núna er verið að leggja lokahönd á ytra byrði hússins ásamt frágang innanhúss. Innan bráðar mun svo vinna við útisvæði milli skóla og nýbyggingar hefjast með áherslu á aðgengi fyrir alla, þá mun vinnusvæði minnka í kjölfarið og skólinn fær meira pláss.

Frágangur skólalóðar við viðbyggingu.

Íþróttasalur

Búið er að leggja nýtt undirlag á sal íþróttamiðstöðvar. Um er að ræða PU (pólýúretan) gólfefni sem kemur í stað parketsins sem verið hefur þar til þessa.

Nýtt gólfefni í íþróttahúsi.

PU gólf eru einstaklega endingargóð, viðhaldslítil og algjörlega samskeytalaus. Þau henta sérstaklega vel í fjölnota íþróttasali þar sem þau draga úr höggum og veita góða mýkt, sem eykur bæði þægindi og öryggi við notkun.

Minni framkvæmdir

Ýmsar minni framkvæmdir standa einnig yfir auk þess sem vinnuskólinn hefur látið til sín taka við að fegra umhverfið við stjórnsýsluhúsið og fleiri grænna svæða. Við þökkum þeim fyrir góð störf í sumar!

Grænar grundir eftir vinnuskólann.

Verið er að leggja lokahönd á múrun félagsheimilisins og næst á dagskrá er að mála það upp á nýtt. Einnig er búið að endurnýja gólfefni í aðalsal félagsheimilisins og kemur það glæsilega út.

Múrun á félagsheimili.

Búið er að ljúka við fyrsta áfanga í grænum ofanvatnslausnum við Miðtún og nýja hverfið á Borg en þar er búið að búa til tjörn sem tekur við regnvatni og affalli frá sundlauginni sem gerir tjörnina volga og tilvalda til leiks fyrir unga sem aldna.

Tjörn við Miðtún.

Einnig hafa verið í gangi framkvæmdir á nýju bili sveitarfélagsins við Hraunbraut. Búið er að byggja milliloft og bæta aðstöðu í áhaldahúsinu til muna. Næst á dagskrá er að setja upp innréttingar fyrir lager sveitarfélagsins.

Ný aðstaða sveitarfélagsins.

Ný jólaljós fyrir ljósastaura voru að lenda í áhaldahúsinu og munu taka við af gamla skrautinu. Sveitarfélagið hefur fest kaup á sóp á skotbómulyftara áhaldahússins til að auka við þrif á gatnakerfum og göngustígum sem komið hefur að góðum notum.

Búið er að ljúka við uppfærslu á stjórnbúnaði sundlaugarkerfis þar sem kominn var tími á eldri stjórnbúnað auk þess að stjórnbúnaði fyrir sturtur var breytt til að tryggja jafnara hitastig í sturtum. Kerfið tryggir betri stýringar, meira öryggi og jafnframt aukna vöktun til fyrirbyggjandi viðhalds.



Nýr stjórnskápur fyrir sundlaugarkerfi.

Hjólastígar

Starfshópur Stýrihóps göngu- og hjólastíga Grímsnes- og Grafningshrepps skilaði fyrr í vor inn tillögum um hjólastíga í Grímsnes- og Grafningshrepp. Oddviti og varaoddviti eru að vinna málið áfram með EFLU og Vegagerðinni og verður gaman að kynna þær niðurstöður fyrir sveitarfélaginu á næstu misserum.

Leikskólalóð

Vinna hefur staðið yfir í vor og sumar vegna hönnunar á stækkun leikskólalóðar og betri aðkomu. Verið er að leggja lokahönd á hönnunina sem mun bæta aðstöðu við leikskólann til muna og jafnframt snyrta umhverfi og auka öryggi.

Vatnsveita

Hin ýmsu verk eru í gangi í vatnsveitunni þessa dagana og verið að leggja lokahönd á nýja dælustöð við Sólheimaveginn. Verið er að bæta við tönkum í vatnsbólið á Búrfelli til að tryggja betur afhendingaröryggi veitunnar ásamt því að verið er að undirbúa lagnir í ný hverfi í sveitarfélaginu.

Vinna við vatnsból við Búrfell.

Hitaveita

Búið er að ljúka virkjun holu VN-32 í Vaðnesi og tengja við dreifikerfi hitaveitunnar frá Vaðnesi að Borg. Frágangur er til fyrirmyndar og mun holan nýtast vel við að tryggja afhendingu á heitu vatni til næstu ára.

Fráveita

Búið er að tengja nýja 930 persónueininga hreinsistöð á Borg og er frágangur þar til fyrirmyndar. Stöðin verður tekin í fulla notkun samhliða því að eldri hreinsistöð verður aflögð innan tíðar.

Ný hreinsistöð við Borg.

Hátíð við Úlfljótsvatn sunnudaginn 24. ágúst kl. 11:00–14:00 -
Fögnum malbikuðum vegi í kringum Þingvallavatn!

Komdu og taktu þátt í hátíð við Úlfljótsvatn sunnudaginn 24. ágúst kl. 11:00–14:00
Við fögnum því að hringvegurinn í kringum Þingvallavatn er loksins allur malbikaður – stór áfangi fyrir svæðið okkar.
Dagskráin hefst kl. 11:00 þegar Kristján Atli, „Doppumeistari“ frá Sólheimum, vígir nýja veginn með því að ganga frá Ljósafossstöð að Úlfljótsvatni.
Þegar hann kemur að skátamiðstöðinni við Úlfljótsvatn tekur við hátíðleg móttaka með borðaklippingu, ávörpum innviðaráðherra og forstjóra Vegagerðarinnar, skemmtilegum frásögnum um þróun Þingvallasvæðisins, tónlist, klifurvegg fyrir börnin og kaffi og köku.
Allir velkomnir – frábær fjölskyldudagur í fallegu umhverfi!

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI GRÆNU KÖNNUNNAR
OG VÖLU

ALLA DAGA

11:00 - 16:00

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00

MINNUM Á MENNINGARVEISLU SÓLHEIMA.
SJÁ DAGSKRÁ Í HREINDÍSI.

HREINDÍS 2025

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2025

ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
23. ágúst	Grímsævintýri
11. sept.	Haustfundur
4. okt.	Skiptimarkaður
30. okt.	Grímuball
23. nóv.	Jólabingó
27. nóv.	Jólafundur

Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

JÞ Verk
Jarðvinnuverktaki

Nú er árið 2025 gengið í garð og komið að því að bóka niður verkefni fyrir komandi vor og sumar í Grímsnesi og nærliggjandi svæðum.

- Tökum að okkur allt frá upphafi framkvæmda og að síðasta frágangi umhverfis hús og lóðarvinnu.
- Vegir og plön
- Húsgrunnar
- Fyllingar í púða og sökkla
- Lagnaskurðir
- Fleygun
- Drenlagnir
- Niðursetning rotþróa
- Göngustígagerð
- Almenn lóðavinna
- Girðingavinna
- Bíla og tækjaflutningar
- Og margt fleira
- Til verkefna höfum við eftirfarandi tækjabúnað.
- Gröfur frá lítilli 2,8 tonna beltavél upp í 35 tonn
- Fleygar á 2,8 - 8,5 og 25 tonna vélar
- Vörubíla og dráttarvél til efnisflutninga
- Vélhjólbörur
- Jarðvegstætara á dráttarvél fyrir þýft land
- Jarðvegsþjöppur
- Hæðarlaser
- Vatnsdælu
- Keðjusög
- Steinsög, brotvélar og ýmis önnur verkfæri.

Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar spurningar í síma 848-1123 í skilaboðum eða á johannes@jthverk.is

Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN

Tónleikadagskrá – Menningarveisla Sólheima 2025

Tónleikar hefjast klukkan **14:00** og eru í **Sólheimakirkju.**
Ef aðstæður og veður leyfir gætu þeir verið á **Pétursstorgi.**

Græna kannan / Íþróttaleikhúsið
7. júní - kl. 14:00
Sólheimastærnur
Hópurinn samanstendur af íbúum og starfsfólki Sólheima

Lokið

Sólheimakirkja
19. júlí - kl. 14:00
Beggi Sóldögg

Lokið





Sólheimakirkja
14. júní - kl. 14:00
Byjólfur Kristjáns

Lokið

Sólheimakirkja
26. júlí - kl. 14:00
Örn Árna og Jónas Þórir
Léttir sprettir

Lokið



Sólheimakirkja
21. júní - kl. 14:00
Jónas Sig

Lokið

Sólheimakirkja
2. ágúst - kl. 14:00
Björn Thoroddsen og Jónas Þórir
Bítlar í bland við íslensk lög

Lokið



Sólheimakirkja
28. júní - kl. 14:00
Ragga Gröndal og Gumni

Lokið

Sólheimakirkja
9. ágúst - kl. 14:00
Af fingrum fram

Lokið



Íþróttaleikhús
5. júlí - kl. 14:00
Þar sem sólin á heima
Hátíðarsýning í tilefni af 95 ára afmæli Sólheima
Leikfélag Sólheima og gestir, Björgvin Franz og Diddú

Lokið

Sólheimakirkja
16. ágúst - kl. 14:00
Sigga og Grétar
Í léttri sveiflu

Sólheimakirkja
12. júlí - kl. 14.00
Friðrik Dór

Lokið

Sólheimakirkja
23. ágúst - kl. 14:00
KK
Á rólegum nótum



ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN Borg

Vetraropnun

Frá 18. ágúst 2025

Mánudaga - fimmtudaga 14:00 - 21:30

Föstudaga lokað

Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS LINDA SVERRISDÓTTIR	ÁBYRGÐARMAÐUR ÞÓRLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is	https://www.gogg.is/